# ULTRA HOHO

## Samskeytalaust gólfefni - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA HOHO er fallegt samskeytalaust gólfefni sem samanstendur af gúmmíkurli og tveggja þátta fjölliðu efni. ULTRA HOHO er lagt í um það bil 16mm þykkt.

### Kostir:

Helstu kostir ULTRA HOHO eru að það sterkt, en samt mjúkt með sléttri áferð og auðvelt í þrifum. Það hefur yfirborð sem er gott að ganga á, það er hálkufrítt. ULTRA HOHO þolir upp að vissu marki að hestar gangi á því með sköflum. Yfirborð ULTRA HOHO inniheldur „silver ions“ sem gerir það bakteríufrítt (sjá ULTRA BioMaster tækniblað). ULTRA HOHO er hljóðdempandi og eykur öryggi hestana.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA HOHO eru hesthús, gangar og önnur rými þar, nema á sjálfa stallana. ULTRA HOHO er fáanlegt í einum staðallit svart með mismunandi litum kornum. Óski verkkaupi eftir öðrum lit þarf að sérpanta efni í hann.

### Eiginleikar:

| | |
|---|---|
| Togþol | Meira en steypu. |
| Efnaþol | Leitið upplýsinga. |






### Vinnslutími:

- Tími við lögn: 4 dagar
- Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- Fullharðnað 7 dagar/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA HOHO skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrífanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaiðnaði er almennt nægjanlegt að þrífa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.


Steinhellu 17b, 221 Hafnarfirði • S: 564 5533 • Njarðarnesi 10, 603 Akureyri S: 578 5533 •